

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1130
komudagur 9.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn (359. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að FME er undir ákveðnum kringumstæðum heimilt að fella niður eða lækka álagðar stjórnvaldssektir.

Viðskiptaráð tekur undir þau sjónarmið frumvarpsins að mikilvægt sé að lögaðilar á fjármálamarkaði fari að settum reglum og að upp komist um lögbrot sem allra fyrst. Að auki er tekið undir þá ályktun frumvarpsins að niðurfellingarreglur af þessu tagi geti virkað hvetjandi fyrir lögaðila og einstaklinga til að gefa sig frekar fram til að upplýsa um brot, sambærilegar reglur samkeppnislaga staðfesta það.

Það sem þó slær undirritaðan er að með frumvarpi þessu er verið að fara leið að settu marki sem fyrirfinnst hvergi annars staðar ef marka má greinargerð frumvarpsins, en þar segir: „Hvað varðar niðurfellingarreglur á fjármálamarkaði **hafa ekki fundist nein** fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis“.

Vegna þessa hlýtur að þurfa að nema staðar og kanna nánar ástæðurnar þar að baki, sér í lagi þar sem sambærilegar reglur eru í samkeppnisrétti nær allra viðmiðunarríkja okkar og hafa almennt gefið góða raun.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt og að ráðuneytið hefji þegar vinnu við að kanna þær ástæður er kunna að liggja að baki því að engin af okkar viðmiðunarríkjum hafa tekið upp niðurfellingarreglur á fjármálamarkaði.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs